



Hlutur sveitarfélaganna eykst í starfsemi hins opinbera

Meiri aukning samneyslu 2017 og 2018

Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum þjóðhagsreikninga, sem Hagstofan birti í síðustu viku, jókst samneysla að raungildi um 3,3% árið 2018 eftir að hafa aukist um 3,6% árið áður. Samneysla jókst frekar hægt á árunum 2013-2015, en hefur síðan aukist hraðar. Frá árinu 1980 hefur samneyslan aukist um 3,1% að meðaltali á ári en um 2,4% á ári frá 1990.

Opinberar fjárfestingar jukust um 23% árið 2018 sem er sama aukning og var 2017. Opinber fjárfesting hafði nánast staðið í stað næstu tvö ár þar á undan eftir að hafa aukist nokkuð á árunum 2013 og 2014.




Hlutfall af VLF

Hlutfall samneyslu af vergri landsframleiðslu (VLF) var 23,6% samkvæmt fyrstu tölum og hefur ekki verið hærra síðan 2014 þegar það var 23,1%. Þá hafði hlutfallið lækkað lítillega á árunum þar á undan. Þetta hlutfall hefur hækkað síðustu tvö ár í samræmi við markmið fjármálaáætlunar frá í fyrra, en þar var gert ráð fyrir að þetta hlutfall yrði í kringum 23,6% fram til 2023. Hlutur opinberra fjárfestinga af vergri landsframleiðslu hækkaði í 3,7% 2018, úr 2,6% árið 2016. Hlutfallið hefur ekki verið hærra frá árinu 2009 þegar það var um 3,8%.

Almennt er búist við því að nokkuð dragi úr atvinnuvegafjárfestingu á næstu misserum þar sem hagsveiflan hefur þegar náð hámarki. Hagfræðideild gerir því ráð fyrir að helstu drifkraftar fjármunamyndunar í hagkerfinu á næstu árum verði íbúðafjárfesting og fjárfesting hins opinbera og virðist hvort tveggja komið vel af stað.

Sveitarfélögin koma sterk inn

Sé litið á þróun samneyslu frá árinu 2009 fram til 2018¹ má sjá að aukningin hefur verið meiri hjá



¹ Bæði samneysla og opinber fjárfesting á 4. ársfjórðungi eru áætluð í þessari Hagsjá í samræmi við breytingar árið áður.



sveitarfélögunum en hjá ríkissjóði og almannatryggingum. Val á upphafspunkti getur auðvitað skipt máli við svona samanburð og sama má segja um tilflutning verkefna milli ríkissjóðs og sveitarfélaga. Samneysla sveitarfélaganna hefur aukist um 83% frá árinu 2009 á sama tíma og aukningin hefur verið 49% hjá ríkissjóði.

Í samræmi við þessa þróun hefur hlutur sveitarfélaganna í samneyslunni aukist nokkuð á tímabilinu 2009-2018. Í upphafi tímabilsins var hlutur ríkissjóðs 53% en var kominn niður í 49% á síðasta ári. Hlutfall almannatrygginga var stöðugt í 11% allt tímabilið og hlutur sveitarfélaganna var kominn upp í 40% á árinu 2018.

Fjárfestingar sveitarfélaga aukist mikið

Eins og áður segir hafa opinberar fjárfestingar aukist um 23% tvö ár í röð. Aukning hefur orðið bæði hjá ríkissjóði og sveitarfélögum. Aukningin fór seinna af stað hjá sveitarfélögunum en þar hefur hún verið mikil á síðustu tveimur árum. Á síðustu tveimur árum hefur aukningin verið rúm 30% hjá ríkissjóði en vel yfir 60% hjá sveitarfélögunum.


Fjárfesting sveitarfélaganna var um 33% af opinberri fjárfestingu á árinu 2009, en var komin upp í 44% á síðasta ári. Eins og áður segir ber að hafa í huga að samanburður við árið 2009 getur verið sérstakur, t.d. var samdrátturinn í kjölfar hrunsins mörgum sveitarfélögum mjög erfiður. Frá árinu 2009 hafa fjárfestingar sveitarfélaganna rúmlega tvöfaldast að nafnvirði á sama tíma og fjárfestingar ríkissjóðs hafa aukist um tæp 30%. Stór hluti af aukningu sveitarfélaganna hefur komið á síðustu tveimur árum.

Opinberar fjárfestingar verða miklar


Í nýlegri [Hagsjá](#) var fjallað um áform um opinberar framkvæmdir og því spáð að töluvert stökk yrði í opinberum framkvæmdum á þessu ári. Verði áform um stórfelldar fjárfestingar í innviðum þar sem gjaldtaka væri hluti af myndinni gætu opinberar fjárfestingar aukist enn meira. Út frá hagstjórnarsjónarmiði er eðlilegt að opinberar fjárfestingar séu meiri í niðursveiflu þegar fjárfesting atvinnuveganna minnkar.

Í síðustu spá Hagfræðideildar var gert ráð fyrir að opinber fjárfesting ykist um 18% að raunvirði í fyrra. Fyrstu tölur benda til 23% aukningar. Þá reiknuðum


Þróun samneysluútgjalda



Innbyrðis skipting samneysluútgjalda




Opinberar fjárfestingar





við með um 10% aukningu bæði árin 2019 og 2020 og 5% 2021. Það myndi þýða að opinber fjárfesting færi yfir 4% af VLF á árinu 2020, en hún var að meðaltali 4,5% á árunum 1998-2008 og 3,1% af VLF á árunum 2008-2017. Ekki er ólíklegt að spá deildarinnar breytist við endurskoðun í maí 2019.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.